

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar við Jöfursbás 11 - R19050044

Fyrirspurn vegna Jöfursbás 11 - hagkvæmt húsnæði - úthlutun lóðar og sala byggingarréttar. Verður „sérstakur vatnastrætó“ með reglubundnar ferðir sem tengir hverfið beint við miðborgina? Mun 15 fermetra grænmetisgarður og möguleiki til hæsnahalds fylgja hverri íbúð? Hvaða hverfi nákvæmlega er miðað við í gr. 4 skilmálanna sem vísað er til hjá Þjóðskrá? Er að mati borgarlögmans hættu á hagsmunaárekstrum milli Félagsbústaða og verkefnisins?